

Swinburne hafði svo fyrir lagt, að ekki skyldi yfir líki sínu flutt nein rétrúnaðarraða, né kyrkjuleg athöfn viðhöfð við útförina, og ætluðu vinir hans að framfylgja því. En samt var fenginn prestur, sem lofaði vinum hins látna, að alt skyldi vera eins og þeir ákváðu. En þegar að gröfnni kom, kvaðst hann ekki geta gert eins og til var ætlast, og hóf svo ræðu sína. Urðu menn þá forviða og kom ókyrð á fólkið, sem viðstatt var, og fór það að reyna til að kæfa orð klerksins með ópum: Skömm, smán, svívirðing! En eftir nokkra stund komst á kyrð. Þetta tiltæki prestrins mæltist illa fyrir, þó hann síðast í ræðunni færi að kúga sig til að hæla skáldinu. Það vissu víst allir viðstaddir að það var gert bara fyrir siðasakir og ekki af heilum hug.

En þarna var það, sem ofríkið þurfti að stinga út höfðinu. Og þarna var það, sem ragnmennskan sá sér óhætt, að reiða til höggs í hefndarskyni fyrir prestastéttina.

Við dauða Swinburnes hefir England misst sitt síðasta stórskáld, því þó Kipling sé oft orðheppinn og snjall, þá er hann þó ekki talinn með stóru spámönnunum.

*Kr. St.*



## LEIÐRÉTTING.

Herra ritstj. Heimis!

Í 9. tölubl. Heimis, undir fyrirsögninni „Smámunasemi“, minnst þér á almanak það, er eg gef út, og gefið þér í skyn, að meir en lítil hlutdrægni eigi sér stað gagnvart Unitöllum í skrásetning helztu viðburða og mannaláta, sem árlega birtast þar, og berið þá hlutdrægni að þeim manni, sem er jafn saklaus og þér hvað það snertir, að hafa á nokkurn hátt haft með það að gera að taka saman eða líta yfir svo mikið sem próförk af þeirri skrá, áður hún er prentuð í almanakinu.

Fyrst af öllu vil eg því taka það fram, að séra Friðrik J.